

Tillögur fyrir ársfund Stapa lífeyrissjóðs þann 13. maí 2025

Tilnefningar í stjórn

Fulltrúaráð atvinnurekenda og launþega hafa staðfest eftirfarandi tilnefningar í stjórn sjóðsins:

Frá atvinnurekendum: Elsa Björg Pétursdóttir til tveggja ára, Kristinn Kristófersson til tveggja ára og Tryggvi Þór Haraldsson til eins árs. Þá er Guðrún Ingólfssdóttir tilnefnd sem varamaður til tveggja ára.

Frá launþegum: Björn Snæbjörnsson til tveggja ára og Sigríður Dóra Sverrisdóttir til tveggja ára. Þá er Heimir Kristinsson tilnefndur sem varamaður til tveggja ára og Gunnhildur Imsland tilnefnd sem varamaður til eins árs.

Stjórn sjóðsins verður þá þannig skipuð frá ársfundi 2025:

Frá atvinnurekendum:	Frá launþegum:
Elsa Björg Pétursdóttir (til 2027)	Björn Snæbjörnsson (til 2027)
Kristinn Kristófersson (til 2027)	Sigríður Dóra Sverrisdóttir (til 2027)
Tryggvi Þór Haraldsson (til 2026)	Guðný Hrund Karlsdóttir (til 2026)
Elín Hjalmsdóttir (til 2026)	Þórarinn Sverrisson (til 2026)
Varamenn:	Varamenn:
Guðrún Ingólfssdóttir (til 2027)	Heimir Kristinsson (til 2027)
Páll Snorrason (til 2026)	Gunnhildur Imsland (til 2026)

Kosning löggilts endurskoðanda

Stjórn gerir tillögu um að KPMG hf. verði kjörinn löggildur endurskoðandi sjóðsins.

Kosning utanaðkomandi aðila í endurskoðunarnefnd

Stjórn gerir tillögu um að Ragna Hrund Hjartardóttir verði kjörin utanaðkomandi aðili í endurskoðunarnefnd sjóðsins.

Starfskjarastefna

Starfskjarastefna er efnislega óbreytt frá fyrra ári. Í umfjöllun um framkvæmd starfskjarastefnu (5.tl.) er hins vegar skerpt á orðalagi til að taka af allan vafa um að sjóðurinn notar ekki og hyggst ekki styðjast við kaupauka við framkvæmd starfskjarastefnu sinnar. Starfskjarastefna með breytingum frá fyrra ári er meðal fylgigagna.

Ákvörðun um laun stjórnar og nefnda

Stjórn gerir tillögu um að stjórnar- og nefndarlaun hækki um 3,5% frá fyrra ári í samræmi við tillögur nefndar um laun stjórnar.

Hlutverk	Greitt pr.	2024	2025	Hækkun
Aðalmaður í stjórn	pr. mán.	91.045 kr.	94.232 kr.	3,5%
Aðalmaður í stjórn	pr. fund	60.696 kr.	62.820 kr.	3,5%
Varaformaður	pr. mán.	136.566 kr.	141.346 kr.	3,5%
Varaformaður	pr. fund	91.045 kr.	94.232 kr.	3,5%
Formaður stjórnar	pr. mán.	182.090 kr.	188.463 kr.	3,5%
Formaður stjórnar	pr. fund	121.393 kr.	125.642 kr.	3,5%
Varamenn	pr. fund	75.870 kr.	78.525 kr.	3,5%
Endurskoðunarnefnd	pr. mán.	57.023 kr.	59.019 kr.	3,5%
Form. Endurskoðunarnefndar	pr. mán.	114.046 kr.	118.038 kr.	3,5%
Nefnd um laun stjórnar	pr. ár	151.739 kr.	157.050 kr.	3,5%
Form. nefndar um laun stjórnar	pr. ár	227.610 kr.	235.576 kr.	3,5%

Val á fulltrúum í nefnd um laun stjórnar

Tilnefningaraðilar hafa tilnefnt eftirfarandi aðila í nefnd um laun stjórnar:

Frá atvinnurekendum:	Frá launþegum:
Geir Kristinn Aðalsteinsson	Ósk Helgadóttir
Anna María Kristinsdóttir	

Auk framangreindra aðila situr stjórnarformaður í nefnd um laun stjórnar en sá aðili verður úr röðum launþega næsta starfsárið.